



Borgarráð

Jólagjöf til starfsmanna Reykjavíkurborgar

Lagt er til að Reykjavíkurborg gefi öllu starfsfólki sínu gjafakort fyrir tvo á sýningar í Borgarleikhúsinu í jólagjöf árið 2023. Heildarkostnaður við jólagjöfina er 68.4 m.kr og færist af liðnum 09126 Launa- og starfsmannakostnaður.

Greinargerð:

Hjá Reykjavíkurborg vinna ríflega ellefupúsund einstaklingar við margvísleg störf í þágu borgarbúa og sinna þeim af alúð og áhuga. Ein af þeim leiðum sem vinnustaðir hafa til þess að sýna starfsfólki sínu þakklæti í verki er að gefa því jólagjafir. Gildi jólagjafa er margþætt. Með því sýnir borgin þakklæti sitt til starfsfólks í verki og skapar um leið jákvætt viðhorf starfsmanna gagnvart vinnustaðnum. Slíkt er mikilvægt, ekki síst á tímum þar sem, skortur er á starfsfólki í ýmis störf og hörð samkeppni er um hæft starfsfólk.

Því er lagt til að borgarráð samþykki að jólagjöf Reykjavíkurborgar árið 2023 til starfsfólks borgarinnar verði gjafakort fyrir tvo á sýningar í Borgarleikhúsinu.

Borgarleikhúsið er ein af lykil menningarstofnunum Reykjavíkur og býður á hverju ári upp á fjölbreyttar leiksýningar við allra hæfi. Það er því vel viðeigandi að Reykjavíkurborg gefi miða fyrir tvo í Borgarleikhúsið í jólagjöf til starfsfólks.

Útgjöldin rúmast innan fjárheimilda á kostn.stað 09126 Launa- og starfsmannakostnaður.

Gleðileg jól

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri